

Bekkur: 8. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Kennari: Þórunn Sigurðardóttir

Nemendur: 39

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Menntagildi námsgreinar:

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í textílmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Í textílmennt eru lykilþættirnir skapandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk	Nemandi getur: <ul style="list-style-type: none">• notað aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum, unnið úr nokkrum gerðum textílefna og unnið eftir leiðbeiningum,	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur þjálfast í að nota áhöld sem tilheyra greininni.• Nemendur nota saumavélar.• Áhersla lögð á góð og vönduð vinnubrögð
Sköpun, hönnun og útfærsla.	<ul style="list-style-type: none">• gert grein fyrir mismunand tegundum handverks notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,	<ul style="list-style-type: none">• Nemendur hanna snið á tösku, sníða og sauma.• Nemendur sníða og sauma að eigin vali td. húfu, svuntu, náttbuxur.• Nemendur vinna þrjónaverkefni að eigin vali td. húfu, ennisband, bolta, tátíljur, borðtuskur ofl.• Nemendur vinna verkefni úr ull

Menning og umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • notað ný og endurunnin efni í textílvinnu - lín og gallabuxnaefni, • rætt verður um mikilvægi þess að endurvinna og nýta það sem til er, • nemendur geti metið og skapað nýja afurð af gömlum fötum eða efni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Unnið er með íslensku ullina, umræður kennara og nemenda um uppruna hennar og notagildi. • Umræður um fatnað fyrr og nú. • Mismunandi textíl efni skoðuð
<p>Námsmat: Nemendur frá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína meðan á henni stendur. Mat er lagt á vinnubrögð í vinnuferlinu og afrakstur vinnu.</p>		
<p>Námsgögn: Kennsluefni frá kennara. Efni: Léreft, endurunnin efni, sápa, ullarkemba ofl. Áhöld: Saumavélar, skæri, straujárn,títuprjónar,snið, prjónar, garn ofl.</p>		